



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 19. mars 2018 kl. 16:30.

(Fundur nr. 7 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Sigrún Stefánsdóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

2. Ársreikningur SÍ 2017

Henry Magnússon endurskoðandi hjá Endurskoðun og ráðgjöf ehf. fór yfir ársreikninginn og útskýrði tölur. Í kjölfarið var ársreikningur samþykktur og undirritaður af stjórn. Ávöxtun sjóða félagsins hefur verið góð á þessu ári og ekki stór frávik frá áætluðum kostnaðartölum í rekstri.

3. Ársreikningur Sk. Hún 2017

Henry fór einnig yfir Skógræktarsjóð Húnavatnssýslu, ársreikning 2017. Þar er allt með góðum og eðlilegum hætti.

4. Fjárhagsáætlun SÍ 2018

Laufey lagði fram fjárhagsáætlun og kynnti fyrir stjórn. Stjórnin samþykkti. Fá betri kynningu á næsta stjórnarfundum á Ofanflóðasjóði og með hvaða hætti bætur vegna röskunar á skógum skila sér til SÍ.

5. Ráðstefnur í vor, m.a. Belgjurtaráðstefna

Stjórnin samþykkti að fela Sigurði Arnarsyni, stjórnarmanni í Sk.f. Eyfirðinga og mikinn áhugamann um niturbindandi plöntur, forystu í þessu máli. Fram hafa komið hugmyndir í fræðsluhópi SÍ, Skógræktarinnar, L.r. og LbhÍ um að ráðstefnan verði haldin í haust, um líkt leyti og Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöll (12.-14.10.).

6. Endurnýjun samnings um Landgræðsluskóga

Samningurinn um lsk. rann út um síðustu áramót. Búið er að funda oft og lengi með ráðuneytinu og ekki reyndist hægt að gera samning til lengri tíma. Til að hægt væri að fara í útboð til næsta árs, var gerður samningur til eins árs og hann undirritaður af ráðherra og formanni SÍ 15/2. Opnuð voru tilboð og ekkert tilboð barst. Samkvæmt því er því SÍ heimilt að ganga til beinna samninga við einstaka framleiðendur án útboðs.

7. Fjórfoldun skógræktar – samstarfsátak

Jónatan kynnti málafylgjustarf um fjórfoldun nýskógræktar á næstu fimm árum. Með samhentu átaki Skógræktarinnar, Skógræktarfélags Íslands og Landssamtaka skógareigenda hefur tekist að ná fundi með þremur fastanefndum Alþingis (fjárlaganefnd, atvinnunefnd og umhverfis- og samgöngunefnd). Fyrirhugaður er fundur með þingmönnum með kynningu á alþjóðlegum degi skóga hjá S.þ., n.k. miðvikudag (21/3).

8. Önnur mál

Svar frá sjóði norsku þjóðargjafarinnar: jákvætt við því að styrkja bókaútgáfuna með 2 m kr. framlagi, að fullnægðum nokkrum skilyrðum. JBB spurði um ábyrgð okkar á skógræktarsvæðum (ef slys verða, t.d. á göngustígum).

Ákveðið var að fresta stefnumótunarvinnu.